Er fiskur of góður fyrir þig?

ÞRÍR FRAKKAR
hjá Úlfari veitingahús
Baldursgötu 14 – Sími 552-3939

VESTURLAND
14. ÁGÚST 2014
13. tölublað 3. árgangur
UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Hátíð Sturlu Þórðarsonar haldin í Dölum

Í lok júlímánaðar var haldin Sturluhátíð í Dölum en nú eru 800 ár liðin frá fæðingu Sturlu Þórðarsonar, sagnaritarans mikla. Hátíðin var haldin sunnudaginn 27. júlí að Tjarnarlundi í Saurbæ í Dalasýslu. Heiðursgestur hátíðarinnar var Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Hátíðin var sett af Sveini Pálssyni sveitarstjóra Dalabyggðar en ávörp fluttu forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson og forseti norska Stórþingsins, Olemic Tommessen.

Guðrún Nordal, forstöðumaður stofnunar Árna Magnússonar, flutti erindi um arfleifð Sturlu Þórðarsonar og Einar Kárason rithöfundur flutti efni um Sturlu Þórðarson sem hann kallaði „Hann vissi ég alvitrastan og hófsamastan." Elísabet Haraldsdóttir menningarráðunautur fjallaði um Sturluþing barna sem efnt verður til í samvinnu við barnaskóla á Vesturlandi næsta vetur. Þá gerðu Halla Steinólfsdóttir bóndi og Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur grein fyrir efninu „Dalirnir og Sturla, framtíðarsýn." Að því loknu fluttu Steindór Andersen og Hilmar Örn Hilmarsson rímur en samkomunni lauk með lokaorðum Sigurðar Þórólfssonar bónda í Innri-Fagradal.

Eftir samkomuna í Tjarnarlundi var farið að Staðarhóli þar sem Sturla bjó og þar fjallaði Magnús A. Sigurðsson fornleifafræðingur um hugsanlegar rannsóknir á Staðarhóli.

Fjöldi manns sótti hátíðina.

MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA
3 ÁRA ÁBYRGÐ
NIPPARTS
moved by mechanics
REYKJAVÍK, Bildshöfða 9, Funahöfða 13
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000
Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

Mikið úrval auka og varahluta í flestar gerðir hjóla.
www.4h.is
Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Hfj • Sími 588 3355

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN
Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti
KORTER.IS
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.
Stærð / Verð
153x203 144.900 kr.
160x200 149.900 kr.
180x200 169.900 kr.
180x210 179.900 kr.
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

„Sturluhátíðin er vonandi upphaf að hreyfingu og svo Sturlusetri“

- segir Svavar Gestsson

Sturla Þórðarson, sagnaritarinn mikli, fæddist fyrir 800 árum, árið 1214. Hann bjó lengi vel að Staðarhóli í Saurbæ í Dalasýslu en var síðustu árin í Fagurey þar sem er stuttur spölur á sjó í Stykkishólm. Dalabyggð ákvað að halda upp á afmælið. Til þess var kosin verkefnisstjórn. Í henni voru auk mín Sigurður Þórólfsson bóndi í Innri-Fagradal á Skarðsströnd og Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur að Nýp í sömu sveit. Við byrjuðum á því að kalla saman 15 manna hóp á stuttan hugarflugsfund í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Þar fæddust flestar hugmyndirnar sem seinna urðu að veruleika. Niðurstaðan var Sturluhátíð að Tjarnarlundi í Saurbæ í Dalasýslu 27. júlí sl. Er skemmst frá því að segja að þetta varð sannkölluð sigurhátíð.

Svavar Gestsson talar við viðstadda, sem voru fjölmargir.

Sturlubjór og Staðarhóll

Þarna kom Vigdís Finnbogadóttir, fyrrv. forseti Íslands, og var hún heiðursgestur á samkomunni. Forseti Alþingis, Einar Kristinn Guðfinnsson, flutti skemmtilega ræðu og Olemic Thommesen forseti norska Stórþingsins talaði líka. Sturla skrifaði einmitt sögu Hákonar Hákonarsonar sem er ein gleggsta heimild sem til eru um þrettándu aldar sögu Noregs. Þá skrifaði hann líka Magnúsar sögu lagabætis sem er því miður að mestu glötuð. Skipti miklu að fá forseta norska Stórþingsins á staðinn. Flutt voru tvö erindi: Einar Kárason rithöfundur sem hefur fært okkur Sturlungaöldina í nútímabókmenntum talaði um vin sinn Sturlu. Þá talaði Guðrún Nordal forstöðumaður stofnunar Árna Magnússonar um arfleifð Sturlu. Það var framúrskarandi hugvekja. Á samkomunni í Tjarnarlundi töluðu þau Halla Steinólfsdóttir bóndi í Ytri-Fagradal og Sumarliði Ísleifsson um Dalina og Sturlu; framtíðarsýn. Þá sagði Elísabet Haraldsdóttir menningarfulltrúi á Vesturlandi frá hugmyndum um Sturluþing barna sem ætlunin er að efna til á komandi vetri með samvinnu grunnskólanna á Vesturlandi. Tónlist fluttu þeir Hilmar Hilmarsson og Steindór Andersen. Samkomunni lauk með því að Sigurður bóndi í Fagradal sagði frá Staðarhóli þar sem Sturla bjó. Þegar samkomunni sjálfri lauk var boðið upp á veitingar þar sem Sturlubjór var til sölu og annað góðgæti en sá bjór var bruggaður af þessu tilefni. Loks var svo ekið að Staðarhóli. Þar velti Magnús A.. Sigurðsson vöngum um hugsanlegan fornleifauppgröft á Staðarhóli.

Sturlusetur í framtíðinni

Það spillti ekki að sól skein í heiði allan daginn; komust færri inn en vildu í Tjarnarlund. Dalirnir skörtuðu sínu fegursta. Sögðu kunnugir að um 200 manns hefðu tekið þátt í hátíðahöldunum. Meðan á hátíðinni stóð voru til sýnis bækur sem skipta máli: Hákonarsaga Hákonarsonar og Íslendingasaga Sturlu Þórðarsonar sem gefnar eru út af Hinu íslenska fornritafélagi, Sturlunguútgáfa Máls og menningar og loks stórvirkið: Íslendingasögur á þremur norrænum tungumálum sem kempan Jóhann Sigurðsson hefur komið út og eru nú á boðstólum á Norðurlöndunum öllum.

Yfir hátíðinni blakti fáni með merki sem teiknað var í tilefni hátíðarinnar. Það var Gísli B. Björnsson sem teiknaði merkið og sama merki var notað á bjórinn sem var til sölu á hátíðinni; þann bjór er enn hægt að fá á veitingastöðum í Dalasýslu. Dalabyggð efndi til samvinnu við Háskóla Íslands í tilefni af verkefninu og snýst samvinnan um stefnumótun fyrir Sturlusetur. Það var Þórunn María Örnólfsdóttir sagnfræðingur sem vann með okkur í verkefnisstjórninni og var hún valin af háskólanum til starfans.

Hvað svo? Byggðaráð Dalabyggðar hefur skipað nýja verkefnisstjórn! Henni er ætlað að gera tillögur til sveitarstjórnarinnar um Sturlusetur í Dölum í beinu framhaldi af hátíðinni. Sturluhátíðin var því vonandi upphaf að hreyfingu sem getur skilað sér í stærri verkefnum inn í framtíðina.

Svavar Gestsson
einn af skipuleggjendum Sturluhátíðar í Dölunum

Forseti norska Stórþingsins, Olemic Tommessen, ávarpaði samkomuna.

Einar Kárason rithöfundur er mikill áhugamaður um Sturlu Þórðarson og hans verk.

Málefni háskóla á Vesturlandi

Á þessu vori eru 125 ár liðin síðan fyrsti nemandinn knúði dyra hjá nýstofnuðum Búnaðarskóla á Hvanneyri í Borgarfirði. Það gerðist á Krossmessu vorið 1889. Búnaðarskólinn á Hvanneyri, sem var stofnaður í Suðuramtinu, starfaði til 1907, þegar nafninu var breytt í Bændaskólinn á Hvanneyri. 1995 var nafninu breytt í Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri (LH) og seinna með sameiningu LH, Rala og Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi, nú undir nafninu Landbúnaðarháskóli Íslands, LbhÍ. Árunum eftir stríð varð aukning í eftirspurn eftir landbúnaðarafurðum mikil og stjórnvöld lögðu mikla áherslu á að auka framleiðslu landbúnaðarvara.

Segja má að eftir Heimsstyrjöldina síðari hafi orðið bæði þekkingar- og tæknibylting í landbúnaði og fleiri framleiðslugreinum. Forystumenn landbúnaðarins fundu að mikill skortur var á sérmenntuðu fólki til starfa í landbúnaðinum. Það vantaði menn sem höfðu sérþekkingu í ræktun lands og búfjár og til að koma á framfæri tækniþekkingu í landbúnaði. Á öllum sviðum vantaði meiri þekkingu. Háskóli Íslands hafði ekki sinnt neinni kennslu á sviði náttúruvísinda eða landbúnaðar og hafði hvorki vilja né getu til að mennta sérfræðinga á sviði hinna mörgu sérsviða landbúnaðarins.

Það var hér sem Bændaskólinn á Hvanneyri kom inn og bauð „framhaldsnám“ í búfræði á Hvanneyri. Fyrstu nemendur settust á skólabekk á Hvanneyri í Framhaldsdeildinni haustið 1947. Þetta er upphafið að kennslu á háskólastigi á Hvanneyri, sem nú hefur staðið í nær 7 tugi ára. Kennsla í búvísindum við Bændaskólann leiddi til aukinnar tilraunastarfsemi og meiri þekkingar á Hvanneyri og aukinnar þekkingar í búvísindum almennt.

Sveinn Hallgrímsson.

Í ljósi þeirrar sögu sem hér hefur verið lýst, brá Hvanneyringum í brún þegar gerðar voru opinberar áætlanir mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að sameina og leggja niður kennslu á Háskólastigi við Landbúnaðarháskóla Íslands(LbhÍ). Það er samdóma álit þeirra er til þekkja að með því að leggja niður háskólanámið á Hvanneyri yrði Hvanneyrarskóli og Hvanneyrarstaður eins og halastíðar hundur. Í ljósi þess sem komið hefur fram að þessi ráðstöfun myndi ekki leiða til neinnar hagræðingar í rekstri er ljóst að hagnaður þjóðfélagsins af slíkri ráðstöfun er aðeins einn: Háskóli Íslands nyti góðs af þeirri vísindastarfsemi, vísindaritgerðum, sem skrifaðar yrðu af vísindamönnum við LbhÍ. Það er hins vegar líka ljóst að áhrifin á samfélagið, byggðina á Hvanneyri og samfélagið Borgarbyggð, yrðu geigvænleg. Þessi ákvörðun mennta- og menningarmálaráðuneytisins þó hún hafi verið afturkölluð, hefur þegar haft mjög neikvæð áhrif á LbhÍ og samfélagið á Hvanneyri.

LbhÍ haldi sjálfstæði sínu

Ég hef því gerst talsmaður þess að við nýtum það sem jákvætt er í tillögum mennta- og menningarmálaráðuneytinsins, og þeirri stöðu sem Hvanneyri hefur skapað sér. Ég hef því talað fyrir því að LbhÍ fari undir hatt HÍ, en haldi öllu sjálfstæði sínu, verði sjálfstæð stofnum, sjálfstæður skóli. Eina sem gerist er að HÍ nýtur góðs af vísindaritgerðum, sem skrifaðar verða af starfsfólki LbhÍ, en Landbúnaðarháskólinn héldi öllu sinu sjálfstæði og starfsemin yrði óskert að öllu leyti. Sjálfstæði Hvanneyrar yrði óskert. Það eru reyndar fleiri ástæður fyrir þessari tillögu. Ég tel að taka eigi skipulag íslenskra háskóla og vísindastofnana til gagngerrar endurskoðunar. Tilgangur þeirrar endurskoðunar ætti að vera tvennskonar:

- Að vísindastofnanir fari undir hatt HÍ eða Háskólans á Akureyri til að þeir njóti góðs af vísindaritgerðum sem skrifaðar verða við þessar stofnanir í framtíðinni
- Til að fyrirbyggja skipulagsslys af því tagi sem gert var þegar byggt var yfir Náttúrufræðistofnun langt frá HÍ. Það átti að setja Náttúrufræðistofnun undir hatt Háskóla Íslands. Það er auðvelt að sýna fram á hagræði slíks.

Vatnshömrum, Andakíl 14. 7. 2014
Sveinn Hallgrímsson
fyrrv. skólastjóri
Bændaskólans á Hvanneyri

Toyota kynnir nýja og kröftuga útgáfu af Land Cruiser 150. Þetta er hinn eini sanni konungur íslenskra þjóðvega, tignarlegri en nokkru sinni fyrr. Hann gleður augað og býr yfir tæknilegum nýjungum sem lyfta hverri ökuferð á æðra plan. Komdu og sjáðu hvernig landið liggur hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Verð frá 9.920.000 kr.

5 SÁRA ÁBYRGÐ

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Leiðari

Græðgi og svört atvinnustarfsemi í ferðaiðnaði

Nú hallar sumri, helstu drykkjuhátíðir landsins um verslunarmannahelgina eru að baki, framundan berjatínsla, haustferðir og svo auðvitað grár hversdagsleikinn sem maður er alltaf minntur á þegar skólar hefja starfsemina. Ferðaþjónusta á haustin og veturna er alltaf að aukast, margir koma til að fara á skíði, t.d. með þyrlu um Tröllaskaga, fara í sauðfjárréttir sem og hestaréttir og kannski bara til að skoða norðurljósin sem vekja alltaf athygli, ekki síst ferðamanna frá Austurlöndum fjær, s.s. frá Japan.Ferðaþjónustan á Íslandi, þó aðallega forystumenn hennar, eru að ofmeta gríðarlega tekjur sem eru og verða af vaxandi fjölda ferðamanna sem leggja leið sína til landsins til að skoða okkar sérstæðu náttúru. Stór hluti þeirra ferðamanna sem hafa komið til landsins í sumar eru svokallaðir bakpokaferðamenn, koma nestaðir að einhverju marki til landsins, versla því lítið til matar síns og kaupa lítið eða ekkert af minjagripum, fatnaði eða öðrum sem svokallaðir venjulegir ferðamenn kaupa. Á vinsælum stöðum sem Íslendingar eru vanir að sækja er oft erfitt að fá borð sem kann að gera það að verkum að Íslendingar koma heldur ekki á þessa staði þegar nægjanlegt framboð er af sætum. Í þessu sambandi mætti nefna miðborg Reykjavíkur, göngugötuna á Akureyri, vinsælan veitingastað í Stykkishólmi, veitingastað að Hellnum á Snæfellsnesi og fleiri. Svo borga þessir ferðamenn ekki viðhald fjölförnustu ferðamannastaðanna þar sem náttúran skartar oft sínu fegursta, og því miður stefnir í það að margir þessara staða verða hreinlega úttraðkaðir í haust þegar hægir að ferðamannastraumnum, eða eru það kannski nú þegar, því miður.

Ekki er gott að segja hvort erlendum ferðamönnum blöskrar verðlagið á veitingum og gistingu hérlendis, en það hlýtur að vera. Tertusneiðin í Mývatnssveit, sem oft hefur verið nefnd, kostar 1.290 krónur sem auðvitað er okur af verstu gerð, og það er verðlag á öðrum stöðum á landinu, s.s. pylsa sem kostar 1.700 krónur, kaffibolli á 1.000 krónur og gisting í einu herbergi í sveitargistingu á 26.000 krónur. Hér ræður hrein græðgi ferðinni, ekki þjónustulund, sem kemur viðkomandi ferðaþjónustuaðilum í koll þegar fram í sækir, en skaðar um leið ímynd ferðaþjónustunnar hérlendis til lengri tíma, einnig þá fjölmörgu sem eru að gera góða hluti og halda verðlaginu innan skynsamlegra marka. Auðvitað væri hægt að nafngreina þá aðila sem láta græðgina ráða för, en það gerir auðvitað enginn því hver vill eiga á hættu að verða kærður fyrir meiðyrði og atvinnuróg? Hægt væri að sniðganga þessa staði, en þá vantar einhverja lista yfir þá. Lista yfir þá sem eru skynsamir væri auðvitað hægt að gera, því þeir gráðugu mundu vilja laga sig að þeim kröfum sem þar eru gerðar, þ.e. lækka verðið og það væri auðvitað það sem stefnt væri að með slíkum lista. Hluti af þessum hópi fólks sem er þjakað af græðgi, eru landeigendur við Geysi og Námaskarð sem hafa rukkað inn aðgangseyrir og bera svo við að þeir peningar séu ætlaðir til byggja upp þjónustu á þessum stöðum. Það er svipað og að selja gistingu á hóteli sem er í byggingu til þess að eiga fyrir byggingakostnaðinum.

Auðvitað ætti viðskiptaráðueytið að hafa komið á skipulagi á náttúrkort sem allir erlendir ferðamenn séu skyldugir að kaupa þegar þeir koma til landsins. Skipting þeirra tekna ákvaðast síðan af aðsókn á viðkomandi viðkomustaði ferðamanna. Við Íslendingar ættum hins vegar að fá frían aðgang að náttúruperlum okka lands, það er svo sjálfsagt að ekki ætti að þurfa að krefjast þess. Það er engin mismunun, erlendir ferðamenn koma þá til landsins á þeim forsendum sem við setjum, ekki forsendum sem bera keim af undirlægjuhætti fyrir erlendum ferðamönnum. Besta leiðin til að rukka erlenda ferðamenn fyrir að sjá og upplifa íslenska náttúru er að koma á 30 daga náttúrukorti sem veiti aðgang að helstu ferðamannastöðum landsins. Þetta er besta lausnin til langs tíma, hefur minni áhrif á eftirspurn eftir ferðum til landsins en almennur skattur og etur boðið upp á sanngjarna úthlutun fjármuna til ferðamannastaða í hlutfalli við þann fjölda sem kemur þangað. Heildartekjur af slíku 30 daga náttúrukorti gætu numið liðlega tveimur milljörðum króna. Ýmislegt væri hægt að gera fyrir þá peninga.

Geir A. Guðsteinsson
ritstjóri

VESTURLAND
13. TBL. 3. ÁRGANGUR 2013
ÚTEFANDI: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Ámundi Ámundason, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang: amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Geir A. Guðsteinsson, sími: 840-9555 & netfang: geirgudsteinsson@simnet.is. **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 6.400 eintök. **Dreifing:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **6.400** EINTÖKUM Í ALLAR ÍBÚÐIR Á AKRANESI, DREIFBÝLI Á AKRANESI OG Í BORGARNESI. BLAÐIÐ LIGGUR EINNIG FRAMMI Á HELSTU ÞÉTTBÝLISSTÖÐUM Á VESTURLANDI

Nýtt sjávarútvegblað hefur göngu sína í haust:

ALDAN, fréttablað um sjávarútveg kemur út mánaðarlega

Fyrir kosningarnar í vor var því oft haldið á lofti að þrátt fyrir allt ætti landið allt enn mikið undir sjávarútvegi. Fótspor, sem gefur m.a. út VESTURLAND, hleypir senn af stokkunum nýju sjávarútvegsblaði sem beina mun sjónum að norðlenskum sjávarútvegi ekki síður en annars staðar á landinu. Ritstjóri er Geir A. Guðsteinsson, sem hefur áralanga þekkingu á sjávarútvegi í blaðamennsku, eftir áralöng störf í blaðamennsku á Degi og Degi-Tímanum og nú á seinni árum við ritstjórn VESTURLANDS og VESTFJARÐA, svo eitthvað sé nefnt.

„Blaðið heitir Aldan, fréttablað um sjávarútveg. Blaðið mun fjalla um sjávarútveg almennt, útgerð, fiskvinnslu, þjónustufyrirtæki í atvinnugreininni, og ekki síst um fólkið sem kemur að þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, bæði þá sem stjórna fyrirtækjum í atvinnugreininni og ekki síður þá sem vinna ýmis önnur störf í atvinnugreininni, s.s. í fiskmóttökunni, löndun, sjómennina og aðra. Engin verður undanskilin. Með því mun blaðið gefa sem besta spegilmynd af sjávarútveginum í dag.

Blaðinu verður dreift til allra helstu aðila í sjávarútvegi í dag, liggja frammi á hafnarvogunum víðs vegar um landið og það mun verða aðgengilegt á völdum stöðum, s.s. bensínstöðvum.

Blaðið mun taka mið af því að mörg sjávarútvegsfyrirtæki á landsbyggðinni, s.s. Samherji á Akureyri, eru lykistoð í atvinnulífinu á Akureyri. Þannig mætti einnig nefna Síldarvinnsluna á Neskaupstað, Ísfélag Vestmannaeyja, HB-Granda og fleiri. Meðan ég var blaðamaður fyrir norðan átti ég ágætt samstarf við forsvarsmenn Samherja og það verður enginn breyting á því. Samherji er einnig burðarás í atvinnulífinu á Dalvík, togarar fyrirtækisins landa oft í Hafnarfjarðarhöfn og þannig markar þetta eitt stærsta útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki landsins djúp spor í atvinnulífinu víðar um landið, ekki bara á Akureyri“

Fyrir á markaði eru a.m.k. tvö blöð sem helga sig sjávarútvegsmálum svo ALDAN verður og ætlar að marka sér ákveðna sérstöðu. Ekki síst að fjalla um undirstöðuna í þessum helsta atvinnuvegi landsins, tala m.a. við fólk sem hefur atvinnu af því að starfa við sjávarútveg. Einnig verður sjónum beint að nýsköpun í sjávarútvegi, bæði vinnslu í landi og við veiðar. Þjónusta við sjávarútvegsfyrirtæki er stöðugt vaxandi atvinnugrein en nýjungar í þeirri grein hafa vakið heimsathygli. Nægir þar að nefna fyrirtæki eins og Marel, en þau eru miklu fleiri. Einnig verður fjallað um markaðsmál sjávarútvegsins, rætt við neytendur hérlendis, en einnig að fá fram álit neytenda erlendis, ekki síst í Evrópu sem er mikilvægt. Fiskur er í vaxandi mæli fluttur út ferskur, það er krafa markaðarins, og að því þurfa íslenskir framleiðendur að laga sig sem best, og fylgjast með vel með.

Frá Íslensku sjávarútvegssýningunni 2011, Icelandic Fisheries Exhibition & Awards.

Fiskveiðar og vinnsla eru þrátt fyrir allt undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.

Sjávarútvegi ekki sýnd nægjanleg athygli með daglegum fréttum

„Stundum er haldið fram að hinum gömlu atvinnuvegum á Íslandi sé ekki sýnd nægjanleg athygli með daglegum fréttum leiðandi fjölmiðla. Kannski eru það fyrst og fremst áhrif þess að það þykir ekki mjög fínt að vinna við eina helstu atvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveg. Því þarf að breyta, og ég held að það muni gerast. Umfjöllun um ferðaþjónustu er nú í tísku en kannski er sú grein ekki eins gjaldeyrisskapandi og oft er gefið í skyn, jafnvel af stofnunum í greininni. Íslenska sjávarútvegssýningin verður í Kópavogi í lok septembermánaðar og ekki er ósennilegt að fyrsti forsíðuuppslátturinn í ÖLDUNNI muni tengjast sýningunni og muni m.a. fjalla um nýjungar sem íslensk fyrirtæki kynna þar.

Ég hef alltaf haft gaman af því að skrifa um sjávarútveg. Þegar ég var blaðamaður á Degi, Degi-Tímanum og DV var það að einhverju marki mín sérgrein. Ég hef starfað við önnur sjávarútvegsblöð og einnig skrifað greinar sem fjalla um sjávarúveg og þannig haldið þessum áhuga mínum og þekkingu við. Það hafa lesendur blaða eins og VESTURLAND og VESTFIRÐIR orðið varir við þó þau blöð séu ekki sérstök sjávarútvegsblöð. Ekki síst á Vestfjörðum snýst atvinnulífið meira og minna um útgerð og fiskvinnslu svo það hlýtur að teljast eðlilegt“.

Sólarkísilverksmiðja á Katanesi:

Hverfandi líkur á að fornleifapunktar seinki byggingu verksmiðjunnar

Bandaríska fyrirtækið Silicor Materials áformar að reisa sólarkísilverksmiðju á Katanesi í nágrenni Grundartanga fáist til þess tilskilin leyfi að lokinni könnun á fornleifapunktum á svæðinu. Slík verksmiðja mundi veita um 400 manns atvinnu svo málið er afar mikiðvægt fyrir atvinnulífið á svæðinu, ekki síst í Hvalfirði og á Akranesi. Litlar sem engar líkar eru taldar á að könnun á fornleifapunktum á Katanesi gæti orðið til þess að ekkert yrði byggt þar á næstu árum, og kannski um aldur og ævi. Magnús H. Ólafsson arkitekt á Akranesi segir að líkurnar á að rannsóknir fornleifa á svæðinu seinki framkæmdum séu hverfandi, jafnvel engar.

Horft frá Katanesi að Grundartanga.

Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Faxaflóahafna segir að rannsóknum sé lokið en hann hafi ekki enn séð skýrsluna. Á svæðinu séu engar fornminjar sem hafi sögulegt gildi en utan fyrirhugaðs byggingasvæðis séu fornminjar sem ekki er þörf á að hrófla við. Gísli telur líklegt að byrjað verði að grafa fyrir sólarkísilverksmiðjunni eigi síðar en í nóvembermánuði. Fornleifastofnunar Íslands og Minjastofnun Íslands hafa haft svæðið á Katanesi til skoðunar.

FJALLA KOFINN

Þú ferð lengra með okkur!

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 24.995-

Mojito 32.995,-

Lupo Mid Gtx 19.995,-

Shake 15.995,-

Zen Pro 29.995,-

Zen Pro Wm´s 29.995,-

Breeze Wm´s 33.995,-

Motion GTX Wmn 32.995,-

NangPa-La GTX 37.995-

NangPa-La GTX Wmn 37.995-

Kailash GTX 39.995,-

Kailash GTX Wmn 39.995,-

Hekla GTX Wmn 59.995,-

Ladakh GTX 59.995,-

Mythos Pro GTX Wmn 63.995,-

Kinesis Pro GTX 63.995,-

SCARPA
NESSUN LUOGO E' LONTANO™

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.

arctic adventures · arctic RAFTING · GLACIER GUIDES · ARCTIC HELI SKIING ICELAND · Óbyggðaferðir · FÍ

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is

FJALLA KOFINN

Stykkishólmur mun iða af fólki og fjöri um næstu helgi, og það verður bryggjuball.

Danskir dagar í Stykkishólmi um næstu helgi

Bæjarhátíðin Danskir dagar verður í Stykkishólmi um næstu helgi, dagana 15. til 17. ágúst. Fjöldi viðburða verður sem og uppákomur fyrir alla aldurshópa. Þar má nefna Pétur Jóhann, Sveppa og Villa, Jón Arnór törframaður, Herbert Guðmundsson, Dalton og sjálfur Páll Óskar.

Það verður einnig brekkusöngur (hvað annað!), flugeldasýning, skottmarkaður, markaðstjald, hverfagrill, kökuátskeppni, bryggjuball og margt fleira sem engum ætti að leiðast sem leggur leið sína í Hólminn um næstu helgi.

Hvalfjarðardagurinn í lok mánaðarins

Menningar- og atvinnuþróunarnefnd Hvalfjarðarsveitar stendur fyrir sumarhátíð í sveitarfélaginu dagana 29. til 31. ágúst nk. og er leitað samstarfs við einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki í Hvalfjarðarsveit um framkvæmd hátíðarinnar. Þá verður sveitin iðandi af mannlífi og boðið upp á skemmtilega viðburði.

Séð yfir á Hvalfjarðarströnd með Saurbæjarkirkju í forgrunni. Þar var Hallgrímshátíð sl. sunnudag í tilefni þess að 400 ár eru liðin frá fæðingu prestsins og sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar og af því tilefni var boðið til hátíðar. Í Saurbæ orti Hallgrímur Passíusálmana.

Stjórnsýsluverkefni landbúnaðarins loks færð frá Bændasamtökunum

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur sett af stað vinnu við að færa stjórnsýsluverkefni landbúnaðarmála frá Bændasamtökum Íslands til ríkisins. Meginhluti verkefnanna flyst annars vegar til Matvælastofnunar og hins vegar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Nú sinna 6-7 manns í 5 stöðugildum þessum verkefnum – sumir í hlutastörfum. Þessi flutningur er samkvæmt lögum sem Alþingi samþykkti.

Flutningurinn tekur mið af áliti Ríkisendurskoðunar varðandi útvistun opinberra stjórnsýsluverkefna landbúnaðarmála. Það hillir því undir það að Bændasamtökin séu ekki lengur dómarar í eigin málum. Loksins eru stjórnsýsluverkefni færð frá hagmunaaðilum, það gat verið verjandi að einhverju marki á áratugunum 1950 til 1960, jafnvel fyrr, en alls ekki í dag, árið 2014. Gott er að landbúnaðarráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, er að átta sig á því, en því fer fjarri að Bændasamtökin séu sátt við þessa ákvörðun, þau telja sig vera að missa spón úr aski sínum. Miklu stærri atvinnugrein, sjávarútvegurinn, hefur aldrei verið í þessari kjörstöðu í eigin málum, og hefur aldrei kært sig um það. Þegar landbúnaðurinn hættir að vera undir áhrifavaldi eins stjórnmálaflokks skapast skapast kannski betri og eðlilegri staða í samkeppnismálum landbúnaðarins. Því ættu bændur að fagna, ekki síst á Vesturlandi, því blómlega landbúnaðarsvæði.

Bændasamtökin eru að missa spón úr aski sínum. Starfsemin í Bændahöllinni hefur að sumu leiti verið eins og ríki í ríkinu.

Kirkja sumarins:

Staðarstaðarkirkja á Snæfellsnesi

Kirkjustaðir eru margir á Snæfellsnesi, en eiga sér misjafnlega merkilega sögu.Einn þeirra er Staðarstaður á sunnanverðu Snæfellsnesi sem var mikil hlunnindajörð og þótti eitt besta prestakall landsins og þar hafa margir þekktir menn verið við bú. Einu hlunnindin í dag munu vera tvö æðarhreiður samkvæmt gömlum pappírum en kirkjan lítur svo á að um aldir hafi dúntekjuhlunnindi í Gamlahólma í Hagavatni tilheyrt prestinum á Staðarstað. Um það er hins vegar ekki eining.

Sagnaritarinn Ari Þorgilsson fróði er talinn hafa búið á Staðarstað á 12. öld. Sonarsonur hans, Ari Þorgilsson sterki, bjó á jörðinni seinna á öldinni, síðan tengdasonur Ara sterka, Þórður Sturluson og á eftir honum sonur hans og sonarsonur, Böðvar Þórðarson og Þorgils skarði Böðvarsson. Núverandi prestur á Staðarstað er Páll Ágúst Ólafsson.

Minnisvarði um Ara fróða Þogilsson stendur skammt sunnan kirkjunnar. Fjórir prestar frá Staðarstað urðu biskupar, þeir Marteinn Einarsson, Halldór Brynjólfsson, Gísli Magnússon og Pétur Pétursson og Hallgrímur Sveinsson biskup, sonur séra Sveins Níelssonar, ólst þar upp. Af síðari tíma prestum má nefna Kjartan Kjartansson, sem var prestur á árunum 1922-1938, var hugvitsmaður og viðgerðarmaður og er talin ein fyrirmyndin að séra Jóni prímusi í Kristnihaldi undir Jökli og Þorgrím V. Sigurðsson, sem var prestur á Staðarstað 1944-1973.

Í kirkjugarðinum á Staðarstað er svokallaður Franskireitur, þar sem grafnir eru tæplega 40 Frakkar er drukknuðu þegar sex franskar skútur fórust úti fyrir Staðarsveit árið 1870 og með þeim yfir hundrað skipverjar.

Núverandi kirkja á Staðarstað er steinkirkja og var reist á árunum 1942-1945. Í henni eru meðal annars listaverk eftir Tryggva Ólafsson og Leif Breiðfjörð.

Ótrúlegt úrval húsgagna
syrusson.is

SYRUSSON
Syrusson Hönnunarhús
Síðumúla 33 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

Nýjir áfangastaðir!

Skíðaferðir

Abtenau | Zell am See | St. Johann, Alpendorf Nýtt
| Steamboat Springs, Colorado Nýtt

VERÐDÆMI
Seamboat Springs, Colorado
Steamboat Grand. Parlor - Queen
Verð frá 199.500 kr.
miðað við tvo fullorðna í tvíbýli.
Ferðatímabil: 30. jan.– 8. feb.

****

Nánar á skíðin á uu.is/skidi

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19, Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is

Skreiðarhjallarnir hafa gengið í endurnýjun lífdaga.

Umhverfis- og framkvæmdasvið Akranesbæjar:

Framkvæmdir á Breiðinni

Í sumar hefur umhverfis- og framkvæmdasvið Akranesbæjar unnið áfram með fegrun á Breiðinni. Verkefnið hefur falið í sér að slá svæðið, hreinsa rusl, endurgera skreiðarhjalla/trönur, hreinsa gras af stakkstæðum til að gera þær sýnilegri og ankerum raðað á miðeyju við Akranesvita. Á veggnum við Hafbjargarhúsið eru komin upp fjögur skilti um sögu Breiðarinnar og eiga þar eftir að bætast við þrjú til viðbótar. Endurgerð skreiðarhjalla var unnin í samráði við Minjastofnun og samkvæmt ráðleggingum húsasmíðameistara voru gömlu skreiðarhjallarnir dæmdar ónýtir og ákveðið var að fara í endurgerð á þeim og er búið að reisa nýja hjalla. Af hjöllunum stafaði slysahætta miðað við ástandið sem þeir voru í og var það þáttur í þeirri ákvörðun að endurgera þá. Aðferðin sem er notuð við að hreinsa stakkstæði er að grasið er slegið með sláttuorfum og í kjölfarið er salti stráð til að eyða gróðri. Þetta verður að gera reglulega til að árangur náist og til að forðast að gróður vaxi þar aftur yfir. Verkefnið er enn á tilraunastigi og er vonast til að þetta skili árangri.

Bátakerrur fjarlægðar

Næst á dagskrá er að fjarlægja bátakerrur af svæðinu og hafa eigendur frest til 20. ágúst nk. að fjarlægja þær. Eigendur bátakerra geta fengið tímabundið leyfi til að geyma kerrurnar í sementsþró við Sementsverksmiðju í samráði við Akraneskaupstað. Þá er unnið að því að undirbúa varanlega salernisaðstöðu fyrir sumarið 2015. Skipulag Breiðarinnar er í auglýsingaferli og er frestur til 28. ágúst nk. til að koma á framfæri athugasemdum. Gestum fjölgar jafnt og þétt á Breiðinni og hafa yfir 12 þúsund manns skráð sig í gestabækur Akranesvita að sögn Hannibals Haukssonar ferðamálafulltrúa Akraneskaupstaðar.

Dalamaðurinn Sindri Hrafn Guðmundsson:

Á besta árangurinn í heiminum í ár í spjótkasti í hans aldursflokki

Sindri Hrafn Guðmundsson með spjótið í hendi.

Dalamaðurinn Sindri Hrafn Guðmundsson er nýkominn heim frá keppni á HM undir 19 ára sem fram fór í Eugene í Oregon í Bandaríkjunum. Sindri Hrafn komst í úrslitakeppnina í spjótkasti en varð þar í 12. sæti. Hann æfir undir leiðsögn Einars Vilhjálmssonar en keppir fyrir Breiðablik. Fyrstu ár ævinnar bjó Sindri Hrafn að Kvisthaga skammt frá Búðardal en síðan var flutt til Búðardals í Dalasýslu, og segir Sindri Hrafn vera ákaflega stoltur af því að geta kallað sig Dalamann. Hann hefur aldrei keppt fyrir Dalamenn en segir að kannski komi að því seinna á frjálsíþróttaferlinum.

- Er einhver sérstök ástæða fyrir því að þú ert að æfa og keppa í spjótkasti í dag umfram aðrar íþróttagreinar?

„Þegar við fluttum í bæinn að vestan fór ég að æfa margar íþróttagreinar, handbolta, frjálsar og fleira en einnig stundaði ég hestamennsku eins og flestir í minni fjölskyldu. En svo kom að því að maður varð að velja og hafna og þá valdi ég frjálsar íþróttir. Þangað til fyrir tveimur árum var ég að æfa tugþraut en var að ná bestum árangri í spjótkasti af tugþrautagreinunum og því ákvað ég að snúa mér alfarið að spjótinu."

Sindri Hrafn segir að hann hafi verið valinn til keppni á Norðurlandameistaramóti 19 ára og yngri sem haldið verður í Kristiansand í Noregi 16. og 17. ágúst nk., og hann er þar einn af 13 íslenskum þátttakendum.. Allir bestu íslensku unglingarnir verða í liðinu, þar á meðal þrír keppendur sem tóku þátt á HM í Eugene í Oregon í síðasta mánuði.

Sindri Hrafn Guðmundsson með spjótið í hendi.

- Áttu von á að ná þar á verðlaunapall?

„Já, ég á bestan árangur í ár þeirra sem keppa þar. Ég náði besta árangri í heiminum í ár í mínum aldursflokki, kastaði 77,28 metra, sett á Meistaramóti Íslands sem haldið var í Hafnarfirði fyrir skemmstu. Ég er því í góðu formi nú. Mótið í Kristiansand er síðasta stóra frjálsíþróttamótið sem ég keppi á í ár en að venju verða væntanlega nokkur innanfélagsmót nú seinna í sumar," segir Sindri Hrafn Guðmundsson.

Ævistarfi Bjarna Jónssonar frá Vogi hefur verið sýnd tilhlýðileg virðing

Bjarni frá Vogi var alþingismaður, háskólakennari, ritstjóri og rithöfundur. Bjarni er meðal almennings einna þekktastur fyrir að hafa ljáð vindlum nafn sitt og fyrir að hafa þýtt fyrri helminginn af Faust eftir Goethe á íslensku. Bjarni fæddist í Miðmörk undir Eyjafjöllum. Hann var þingmaður Dalamanna á árunum 1908 þar til hann lést 1926. 1915 var hann skipaður dósent í latínu og grísku við Háskóla Íslands og gegndi því starfi til æviloka. Vann alla ævi jöfnum höndum að ritstörfum og fékk styrk til þeirra 1914 – 1915 af opinberu fé. Bjarni var kunnur íslenskumaður og kunnur nýyrðasmiður. Árið 1912 var honum falið að búa til íslenskt heiti í stað orðsins fótbolti. Hann stakk upp á heitinu knattspyrna og öðlaðist það þegar þegnrétt í tungumálinu.

Bærinn Vogur sem Bjarni er kenndur við er á Fellsströnd í Dalasýslu. Þar hefur verið gerður minningarreitur um hann og Bjarna þannig sýnd tilhlýðilegur virðingarvottur. Í Vogum er rekið gistiheimili.

Minningarreiturinn um Bjarna frá Vogi.

Skúli Þórðarson ráðinn sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar

Gengið hefur verið frá samkomulagi um ráðningu Skúla Þórðarsonar sem sveitarstjóra í Hvalfjarðarsveit. Skúli gegndi áður stöðu sveitarstjóra í Húnaþingi vestra, eða frá árinu 2002 til 2014 en hann lét af þeim störfum í vor. Áður gegndi hann stöðu bæjarstjóra á Blönduósi frá 1994 til 2002. Skúli var framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra 1993 til 1994. Þá hefur hann gegnt fjölmörgum trúnaðar- og ábyrgðarstörfum fyrir hönd sveitarfélaga í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslum og á Norðurlandi vestra undanfarin 20 ár. Skúli lauk MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands árið 2012 og BA-gráðu í stjórnmálafræði frá HÍ árið 1991. Áætlað er að nýráðinn sveitarstjóri taki til starfa um miðjan ágústmánuð.

„Það vakti áhuga minn þegar ég sá að starf sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar var auglýst laust til umsóknar. Ég var búinn að starfa í 20 ár á Norðurlandi vestra, eða síðan 1994 sem bæjarstjóri og sveitarstjóri og langaði að breyta til, og þetta var mjög álitlegur kostur. Þetta er því starf sem ég hef áhuga á og hef þekkingu á því síðustu 20 ár hafa verið mér mikill skóli," segir Skúli Þórðarson.

Skúli Þórðarson.

- Á Grundartanga hefur risið álverksmiðja, kísilmálmverkmiðja og önnur starfsemi, að sumu leiti tengt þeirri starfsemi og nú á að fara að byggja sólarkísilverksmiðju þar skammt frá á Katanesi. Mun atvinnustarfsemin í Hvalfjarðarsveit fyrst og fremst snúast um þessa stóriðju á Grundartanga eða munu fleiri þættir þar koma inn í?

„Hvalfjarðarsveit á ótrúlega marga möguleika, ekki síst vegna nálægðarinnar við höfuðborgarsvæðið og þessa sterku byggðakjarna í Borgarnesi og á Akranesi, og jafnvel víðar. Það gefur íbúum og atvinnulífinu í Hvalfjarðarsveit ýmiss sóknartækifæri og ýmiss sérhæfing og jafnvel frumkvöðlastörf hljóta einnig að vera uppi á borðinu. Menn þurfa bara að vera vakandi yfir því og nýta þau tækifæri sem skapast eða skapa þau sjálfir. Nýsköpun er vaxandi á Íslandi, og af hverju þá ekki einnig í Hvalfirði?"

- Hvalfjarðarsveit er eitt af nokkrum öflugum sveitarfélögum á Vesturlandi. Yrði frekari atvinnuuppbygging Vesturlands öflugri með samstarfi sveitarfélaganna á ýmsum sviðum?

„Sveitarfélögin á Vesturlandi hljóta að einhverju marki að vera öfugri sameiginlega og mynda sterka heild í mótvægi við höfuðborgarsvæðið. En þar sem ég er að taka við starfi sveitarstjóra verður að skoða svar mitt í samræmi við það. Það þarf auðvitað að styrkja atvinnuuppbyggingu og búsetu víða á Vesturlandi og það gæti að sjálfsögðu verið sameiginlegt verkefni á næstu árum. En við sjáum hvað setur," segir nýráðinn sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, Skúli Þórðarson.

Hvalfjarðardagar 29. – 31. ágúst nk.

Hvalfjarðardagar verða haldnir í lok mánaðarins, 29. – 31. ágúst nk. Menningar- og atvinnuþróunarnefnd Hvalfjarðarsveitar leitar eftir samstarfi við einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki í Hvalfjarðarsveit vegna sumarhátíðarinnar Hvalfjarðardagurinn. Stefnt er að því að sveitin verði iðandi af mannlífi og að boðið verði upp á skemmtilega viðburði þessa daga.

Rjómaísinn frá Erpsstöðum er einstaklega bragðgóður

Á búendur á Erpsstöðum í Dalasýslu eru hjónin Þorgrímur Einar Guðbjartsson, frá Kvennahóli á Fellsströnd í Dalasýslu og Helga Elínborg Guðmundsdóttir, frá Kvennabrekku í Miðdölum Dalasýslu. Á Erpsstöðum er rekið kúabú með 60 mjólkurkúm auk geldneyta, alls um 150 gripir. Haustið 2006 tóku Helga og Þorgrímur þá ákvörðun að byggja upp búið á Erpsstöðum. Nútímabúskapur orðin mun auðveldari en áður fyrr ekki síst vegna framfara í mjaltatækni og heyverkun og því var byggt nýtt fjós ætlað 80 kúm, þar af 60 mjólkandi. Að auki er í nýja fjósinu um 200 fm aðstaða, ætluð fyrir heimavinnslu afurða en það er einmitt heimavinnslan sem hafði aðdráttarafl þegar ákveðið var að fara af stað í þessa vegferð. Þorgrímur er mjólkurfræðingur að mennt og hefur unnið í MS Búðardal við framleiðslu á ostum og sýrðum vörum. Rjómabúið varð til vorið 2009, þegar ábúendur á Erpsstöðum hófu ísframleiðslu. Fyrsta sumarið var einungis seldur ís og bara beint frá býli. Ísinn er einstaklega bragðgóður, það getur ritstjóri VESTURLANDS staðfest. Í dag er framleitt gamaldags skyr, tvær tegundir af ostum, margar tegundir af ísum og skyrkonfekt, sem var þróað og hannað í samvinnu við námskeið á vegum listaháskóla Íslands, sem kallaðist Stefnumót hönnuða og bænda. Vaxandi straumur ferðafólks hefur verið í Rjómabúið á Erpsstöðum.

Kjaftæði er rjómaís framleiddur á býlinu. Ísinn er framleiddur með mörgum bragð-tegundum og þykir einstaklega bragðgóður. Einnig má þar fá Grikkja sem er nokkurskonar snakkostur. Hentar vel sem meðlæti, í salatið eða bara einn og sér. Skyrkonfektið er sérhannað og þróað af stefnumóti hönnuða og bænda. Konfektið á sér enga hliðstæðu á Íslandi.

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum:

Vestlensku sveitarfélögin Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær og Dalabyggð í samtökunum

Stofnskrá Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum var samþykkt á stofnfundi 20. nóvember 1996 en sérhvert sveitarfélag sem telur sig hafa hagsmuni af starfsemi samtakanna getur verið aðili að samtökunum. Tilgangur samtakanna er:

- að vinna að lækkun orkukostnaðar til húshitunar á „köldum svæðum“
- að stuðla að frekari jarðhitaleit.
- að afla og dreifa upplýsingum um orkumál til aðildarsveitarfélaganna.
- að stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til orkusparnaðar.

Ársfundur samtakanna skal hald í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og e iga allir fulltrúar aðildarsveitarfélaga sem sitja ráðstefnuna seturétt á ársfundi. Komi til atkvæðagreiðslu hefur hvert sveitarfélag eitt atkvæði. Formaður samtakanna er Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar.

Á Vesturlandi eru í samtökunum Dalabyggð, Grundarfjarðarbær og Snæfellsbær, en önnur sveitarfélög eru (samkvæmt skrá Saambands íslenskra sveitarfélaga) Bolungarvíkurkaupstaður, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Fjarðabyggð, Flóahreppur, Húnavatnshreppur, Ísafjarðarbær, Langanesbyggð, Mýrdalshreppur, Norðurþing, Rangárþing ytra, Seyðisfjarðarkaupstaður, Skaftárhreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður, Sveitarfélagið Skagafjörður, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Vogar, Tjörneshreppur, Vesturbyggð og Þingeyjarsveit.

Vatn úr Deildartunguhver í Reykholtsdal, sem er vatnsmesti hver í Evrópu, er dælt til Borgarness og Akraness, þar sem það er notað til upphitunar húsa. Þá er hann einnig notaður til að hita upp gróðurhús til ylræktar í landi Deildartungu.

Þorsteinn Steinsson nýr bæjarstjóri í Grundarfirði

Þorsteinn Steinsson hefur verið ráðinn bæjarstjóri Grundarfjarðar. Gengið var frá ráðningu hans á fundi bæjarstjórnar nýverið. Alls sóttu 24 um starfið en þrír drógu umsókn sína til baka. Þorsteinn var áður sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps en við því starfi tók Ólafur Áki Ragnarsson. Áætlað er að Þorsteinn taki til starfa einhvern næstu daga. Sigurlaug R. Sævarsdóttir, skrifstofustjóri og staðgengill bæjarstjóra, gegnir störfum bæjarstjóra þar til Þorsteinn tekur til starfa.

Þorsteinn Steinsson á Vopnafirði þar sem hann hefur starfað sem sveitarstjóri sl. 16 ár.

Safnabókin 2014 geymir merkar upplýsingar um 160 söfn

Í Safnabókinni má finna upplýsingar um meira en 160 söfn, setur, sýningar, þjóðgarða og kirkjur um allt land. Á undanförnum árum hefur verið mikil gróska í safnamenningu og fjölmörgum verkefnum hefur verið hrundið af stað í öllum landsfjórðungum, sem tengjast menningu og sögu landsins. Safnabókin kortleggur þetta menningarlandslag og er óhætt að segja að það komi á óvart hversu ríkt og frjósamt menningarlífið er um allt land.

Bókin er í handhægu formi, henni er skipt eftir landshlutum og geymir upplýsingar um opnunartíma og verðskrá safnanna, stutta kynningu á hverju safni og ótal fallegar myndir. Safnabókin er ókeypis, hana má nálgast í verslunum Samkaupa -Strax, Úrval og Nettóverslunum um land allt. Einnig má finna hana á upplýsingamiðstöðvum ferðamanna og á söfnunum sjálfum.

Tilvalið er að grípa með sér Safnabókina í sumar ef ferðast er um landið, í bókinni leynast örugglega upplýsingar um söfn sem viðkomandi hefur ekki haft upplýsingar eða fræðslu um-.Sjón er sannarlega sögu ríkari.

Á Vesturlandi eru fjölmörg söfn. Hér má sjá nokkuð tæmandi lista yfir þau.

- Að Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi er tekið á móti ferðamönnum, bæði einstaklingum og hópum.
- Leifsbúð Menningarhús er gamla kaupfélagshúsið við höfnina í Búðardal sem var gert upp og nefnist Leifsbúð.
- Á Dalbraut 1 á Akranesi er Bókasafn Akraness, auk ljósmyndasafns og héraðsskjalasafns.
- Það eru tvær sýningar í Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi, m.a. sýningin Börn í 100 ár
- Eiríksstaðir; Eirikur rauði og konan hans Þjóðhildur reistu sér bú að Eiríksstöðum í Haukadal. Þar má upplifa forna baðstofumenningu.
- Sjóminjasafnið á Hellissandi er í Sjómannagarðinum við Sandahraun. Í safninu eru m.a. forn áraskip sem afar fróðlegt er að skoða.
- Samkomuhúsið Arnarstapa er veitingastaður með áherslu á íslenska matarhefð og hráefni af staðnum, svo sem fisk og grænmeti.
- Eldfjallasafn í Stykkishólmi var opnað formlega á hvítasunnu, 31.maí 2009 með kynningarsýningu byggða á safni Haraldar Sigurðssonar eldfjallafræðings.
- Hlutverk Héraðsskjalasafns Akraness er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda.
- Vatnasafnið, Library of Water, er langtíma verkefni skapað af Roni Horn í fyrrum bókasafni Stykkishólms. Byggingin stendur á Bókhlöðustíg 17 í Stykkishólmi.
- Pakkhúsið í Ólafsvík er gamalt verslunarhús, byggt árið 1844. Þar er til húsa Byggðarsafn Snæfellsbæjar og handverksala.
- Á vef Ljósmyndasafns Akraness eru myndir safnsins gerðar almenningi aðgengilegar. Hópur ljósmyndara á myndir í safninu.

Safnabókin 2014, fræðandi upplýsingarit.

- Edduveröld er nýr veitingastaður og safn í Borgarnesi staðsett í gömlu kaupfélagshúsunum við Englendingavík.
- Félagsheimilið Hlaðir á Hvalfjarðarströnd er er rólegur og fallegur staður við norðanverðan Hvalfjörð.
- Byggðasafn Dalamanna er staðsett í kjallara Laugaskóla í Sælingsdal.
- Gestastofa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Svæðismiðstöð, er einnig svæðismiðstöð fyrir svæðið. Hún er staðsett að Hellnum.
- Snorrastofa í Reykholti í Borgarfirði er íReykholt í Borgarfirði, einum sögufrægasta stað landsins. Þar er eitt elsta mannvirki á Íslandi.
- Landbúnaðarsafn Íslands
- Landbúnaðarsafn Íslands er byggt á grunni Búvélasafnsins sem starfað hafði á Hvanneyri um langt árabil. Þar er margt mjög merkilegra landbúnaðartækja, ekki síst gamlar dráttarvélar.
- Landnámssetur Íslands er í tveimur af elstu húsum Borgarness sem standa í elsta kjarna Borgarness við Brákarbraut.
- Íslenska geitin er í útrýmingarhættu, en á Háafelli í Reykholtsdal er unnið að verndun og viðhaldi íslenska geitarstofnsins. Virkilega þess virði að kynna sér þá starfsemi.
- Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla er í Norska húsinu í Stykkishólmi. Húsið er fyrsta tvílyfta húsið í Stykkishólmi.
- Heimsókn í Sögumiðstöðina í Grundarfirði er upplifun þar sem nostalgían tekur algjörlega völdin.
- Safnasvæðið á Akranesi varðveitir heildstætt safn muna sem tilheyrðu fyrri tíðar búskaparháttum og þjóðlífi á Akranesi og í nærsveitum. Meðal merkra gripa er gott steinasafn og bátar.
- Samgöngusafnið í Brákarey í Borgarnesi.
- Bókasafnið Stykkishólmi.
- Sjávarsafnið á Norðurtanga í Ólafsvík.
- Hvítahús í Krossavík á Hellissandi.
- Kirkjuhvoll – Listasetur að Merkigerði 7 á Akranesi.
- Sögustofan að Sæbóli 13 í Grundarfirði.
- Laxveiði- og sögusafnið að Ferjukoti við Hvítá í Borgarfirði.

Ólafsdalshátíð er afar sérstæður viðburður

Ólafsdalshátíð var haldin 10. ágúst sl.og var þar margt á dagskrá, ekki síst atburðir sem halda sögu þessa merka staðar verulega á lofti. Dagskráin hófst með tóvinnunámskeiði fyrir börn og ungmenni í samstarfi v/Heimilisiðnaðarfélagið og á sama tíma var gönguferð um fræðastíginn fræðslustíginn í Ólafsdal með leiðsögn. Gangan var um 3 km löng og við allra hæfi. Skömmu fyrir hádegi hófst sala á miðum í Ólafsdalshappdrættinu en aðalvinningurinn var var flugmiðar fyrir tvo að eigin vali til áfangastaðar í Evrópu með Icelandair.

Það sem mest vakti auðvitað athygli var Ólafsdalsmarkaður og sýningar í skólahúsinu. Boðið var upp á lífrænt vottað Ólafsdalsgrænmeti til sölu, Erpsstaðaís o.fl. en þarna var fjölbreyttur matar- og handverksmarkaður. Fastasýning er á 1. hæð, Ólafsdalsskólinn 1880-1907 sem og Guðlaug og konurnar í Ólafsdal, og á 2. hæð var listsýningin Dalir og Hólar – LITUR í samvinnu við Nýpurhyrnu. Árið 2010 hlaut Ólafsdalsfélagið útnefningu frá Sambandi sveitarfélaga á Vesturlandi sem Frumkvöðull Vesturlands.

Sólveig Ólafsdóttir staðarhaldari í Ólafsdals á tröppum hússins.

Hátíðardagskrá

Hátíðardagskrá hófst eftir hádegi með ræðu Haraldar Benediktssonar alþingismanns; um tónlistaratriði sáu Alda Dís Arnardóttir söngkona og Bragi Þór Ólafsson gítarleikari; Sólveig Ólafsdóttir staðarhaldari í Ólafsdal flutti erindi sem nefndist „Hvers vegna Ólafsdalur?“ og Dominique Plédel Jónsson, formaður Slow Food samtakanna á Íslandi ræddi um sjálfbærni í gær og dag. Kynnir var Jóhannes Haukur Hauksson oddviti Dalabyggðar.

Af því loknu sýndi leikhópurinn Lotta „Hróa hött“ og hestar voru teymdur undir börnum í boði bænda í Hvítadal.

Fræðslustígurinn var genginn undir leiðsögn Arnars Guðmundssonar. Fræðslustígurinn liggur meðal annars að Lindinni sem fólkið stendur við þaðan sem Torfi Bjarnason, stofnandi Ólafsdalsskólans sem var fyrsti búnaðarskóli landsins, veitti bæjarlæknum hugvitsamlega að bænum svo hann fyllti brunn í fjósinu, brunn fyrir neysluvatn hússins og rann loks gegnum Vatnshúsið. Skólahúsið sést í fjarska.

Sýningartjaldið reist á laugardeginum af hraustum mönnum.

Börn á tóvinnunámskeiði að morgni hátíðardags þar sem Marianne Guckelsberger kenndi.

Á efri hæð Ólafsdalshússins.

Á neðri hæð Ólafsdalshússins.

Lífrænt ræktað Ólafsdalsgrænmeti var á markaði, s.s. rófur, brokkolí, grænkál, kryddjurtir o.fl.

Ört fallandi kjörsókn til sveitarstjórna til rannsóknar

Kjörsókn á Vesturlandi almennt langt yfir meðaltali

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga var lagður fram tölvupóstur frá innanríkisráðuneytinu þar sem óskað er eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd kosningarannsóknar vegna sveitarstjórnarkosninganna 2014. Í rannsókninni yrði leitað svara við spurningunni hverjar séu ástæður ört fallandi kjörsóknar í sveitarstjórnarkosningum. Samþykkt var að taka þátt í verkefninu með kostnaðarþátttöku að einum þriðja. Framkvæmdastjóra var jafnframt falið að koma á framfæri hugmyndum um spurningar sem vert væri að spyrja í kosningarannsókninni.

Atkvæði greitt í Borgarnesi við sveitarstjórnarkosningarnar í maílok sl.

Í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum varð kjörsókn á landsvísu minni en hún hefur nokkru sinni verið. Á landinu öllu var heildarkjörsókn 65,9% og í stærstu sveitarfélögum landsins, Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði var hún undir 63%.Í kosningunum árið 2010 hafði kjörsókn minnkað frá því í kosningunum 2006, eða frá 78,7% niður í 73,5%. Vísbendingar um litla og/eða minnkandi kosningaþátttöku eru áhyggjuefni fyrir stjórnvöld hvarvetna og ber að taka alvarlega. Kjörsókn er mikilvæg sem hluti af virku og heilbrigðu lýðræðisþjóðfélagi og vísbending um samfélagslega þátttöku og velferð í víðara samhengi og því nauðsynlegt að afla frekari upplýsingar um orsakir þessarar þróunar.

Kjörsókn á Vesturlandi var hins vegar mun betri almennt en á landsvísu. Á Akranesi var hún 70,4%, Í Borgarbyggð 74,4% í Stykkishólmi 87,3%, Í Grundarfirði 80,4% og í Snæfellsbæ 84,9%.

Innanríkisráðuneytið hefur, eftir samtöl við starfsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga, átt frumkvæði að því að ræða við fræða- og rannsóknarsamfélagið hér á landi með það í huga að unnin verði rannsókn þar sem leitað verði svara við spurningunni af hverju kjósendur tóku þátt eða tóku ekki þátt í síðastliðnum sveitarstjórnarkosningum, hvaða áhrif það hafði og hvernig hægt væri að bregðast við. Áætlað er að rannsóknin kosti um 2 milljónir króna.

Nýja brúin á Reykjadalsá.

Ný tvíbreið brú á Reykjadalsá í Dölum

Ný brú á Reykjadalsá var formlega tekin í notkun í sumar og leysir af einbrreiða brú þar við hliðina á. Þessi nýja brú er mikil samgöngubót enda liggur umferð til Vestfjarða nú mest um Dali eftir að vegurinn um Þröskulda til Hólmavíkur var tekin í notkun. Brúin yfir Reykjadalsá og vegagerð því samfara kostaði um 200 milljónir króna.

Enn eru þó einbreiðar brýr á þessari leið, eins og t.d. yfir Haukadalsá. Rögnvaldur Gunnarsson forstöðumaður hjá Vegagerðinni segir að brú yfir Haukadalsá sé á langtímaáætlun sem verður endurskoðuð í haust og nær þá til ársins 2018. Sú brú verði væntanlega eitthvað dýrari en brúin á Reykjadalsá enda verði hún bæði lengri og hærri og talsverðar breytingar á vegastæði eru áætlaðar því samfara.

Næsta brúarverkefni á Vesturlandi er brú á Geitá á Langjökulsvegi (Kaldadalsvegi) en nýta á eldri brúarstöpla við þá smíði sem fyrir eru.

SUMARTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

VH/14-01

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

50%
afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM miðað við verðskrá Flytjanda á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS
sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,2m²
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

Vitamix
Kælitækni
Meira en bara blandari!
• Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
• Hnoðar deig
• Býr til heita súpu og ís
• Uppskriftarbók og DVD diskur fylgja með
Lífstíðareign!
Tilboðsverð kr. 106.900
Með fylgir Vitamix sleif drykkjarmál og svunta
Fullt verð kr. 125.765

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is
VALITOR VISA
Okkar þekking nýtist þér

Hreppslaug í Andakíl friðlýst

Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hefur að tillögu Minjastofnunar Íslands friðlýst Hreppslaug í Borgarfirði og Múlakot í Fljótshlíð. Á báðum stöðum eru mannvirki sem talin eru hafa menningarsögulegt gildi, og byggist friðlýsingin á því.

Hreppslaug í Andakíl er steinsteypt, byggð laust fyrir 1930 af Ungmennafélaginu Íslendingi. Laugin var um árabil helsta útisundlaug héraðsins og mikið notuð. Að mati Minjastofnunar Íslands hefur Hreppslaug gildi frá sjónarhóli byggingarlistar og auk þess sem hún er vitnisburður um íþrótta- og menningarlíf.

Hreppslaug.

Friðlýsingin í Múlakoti tekur til staðarins í heild, þ.e. gamals íbúðarhúss og annarra staðarbygginga, s.s. útihúsa, skrúðgarðs og lystihúss. Bæjarhúsin voru reist í áföngum á árunum 1898 til 1946 á rústum torfbæjar. Þar mætast því ólík tímaskeið í byggingu sem vitnar um samfellda búsetu og sögu margra kynslóða.

Sérkennileg bæjarnöfn:

Hvað þýðir Ballará?

Ballará rennur eftir Ballarárdal á Skarðsströnd í Dalasýslu og tilheyrði Klofningshreppi meðan hann var og hét. Bærinn Ballará dregur nafn sitt af ánni. Líklegt er að orðið böllur merki hér „kúla, hnöttur“ eins og var í fornu máli. Hugsanlegt er að fjallið fyrir ofan bæinn hafi borið nafnið Böllur. Til samanburðar má nefna Ballarholt á landamerkjum jarðarinnar Heiði í Rangárvallasýslu, þar sem merking gæti verið „kúlulaga holt“. Enn má nefna Balljökul (sem jafnframt hefur verið nefndur Baldjökull), sem líklega á við Eiríksjökul upphaflega, þar sem kúlulagið er áberandi.

Þórhallur Vilmundarson fyrrverandi forstöðumaður Örnefnastofnunar telur hugsanlegt að upphaflegt nafn Ballarár hafi verið Böll í merkingunni „hávær á,“ en að einnig komi til álita að nafnið sé runnið frá bhel- „blása upp“ eða „skaðleg á, á sem bólgnar upp“ (Grímnir 2:16).

Bæjarhúsin á Ballará.

Ferðamálaáætlun 2011 – 2020 er í fullu gildi

Ferðamálastofa hefur að beiðni Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, ráðherra ferðamála, unnið samantekt um stöðu aðgerða sem kveðið er á um í Ferðamálaáætlun 2011-2020. Ferðamálaáætlun 2011-2020 leysti af hólmi fyrri stefnu Alþingis í ferðamálum eftir að hún var samþykkt í júní 2011. Þá höfðu orðið miklar breytingar í ferðaþjónustunni síðan fyrri stefna var unnin. Í tengslum við ferðamálaáætlunina var samþykkt aðgerðaáætlun í þrettán liðum sem felldir voru undir formerki þeirra fjögurra meginstoða sem ferðamálaáætlun byggir á. Það eru:

I. Innviðir og grunngerð (3 aðgerðir)
II. Kannanir – rannsóknir-spár (3 aðgerðir)
III. Vöruþróun – nýsköpun (2 aðgerðir)
IV. Markaðsmál (5 aðgerðir).

Í samatekt Ferðamálastofu er farið yfir hverja þessara aðgerða og hver staða þeirra er en samantektina má nálgast á „Ferðamálaáætlun 2011-2020.

Hraunfossar í Borgarfirði. Hraunfossar eru líka nefndir Girðingar. Þeir eru meðal fegurstu náttúruperlna landsins, þar sem þeir spýtast undan jaðri Hallmundarhrauns út í Hvítá. Göngubrúin yfir Hvítá, sem var upprunalega byggð 1891 og endurnýjuð 1991, var notuð til að reka fé yfir ána. Ofan brúarinnar er Barnafoss í Hvítá.

Í umræðum um ferðamál hefur stundum verið haldið fram að engin stefna sé til í málaflokknum en hið rétta er að Ferðamálaáætlun 2011-2020 er í gildi og eftir henni er unnið. Hún leysti af hólmi fyrri stefnu Alþingis í ferðamálum eftir að hún var samþykkt í júní 2011. Í tengslum við ferðamálaáætlunina var samþykkt aðgerðaáætlun í þrettán liðum sem felldir voru undir formerki þeirra fjögurra meginstoða sem ferðamálaáætlun byggir á.

VÉLASALAN
Til sjávar og sveita í 70 ár
30 ár á Íslandi
TERHI
Yfir 1000 bátar seldir

Tehri Nordic 6020 C
Vélasalan ehf · Dugguvogi 4
104 Reykjavík · Sími, 520 0000
www.velasalan.is

Kvöldsólin gleður augað

Líklega er kvöldsólin hvergi bjartari, skærari eða tærari en á Íslandi. Svona skein hún fyrir íbúa Vesturlands sl. sunnudagskvöld og það er kannski táknrænt um breytta tíma að eina byggingin sem er sjáanleg og teygir sig uppí loftið er nýbygging, kannski dæmi um að það séu framundan bjartari tímar í íslensku atvinnulífi. Vonandi að svo sé.

Sætar franskar frá McCain

Vinsælar hjá Íslendingum í mörg ár

Sætu kartöflurnar frá McCain eru ómótstæðilega bragðgóðar. Þú skellir þeim í ofninn og áður en þú veist af hefurðu töfrað fram girnilegt og gómsætt meðlæti. Prófaðu núna!

McCain

Skagamenn hampa Vesturlandsheiðrinum

- unnu flottan 1-3 útisigur á liði Víkinga Ó. fyrir vestan

Skagamenn gerðu góða ferð vestur í Ólafsvík í lok júlímánaðar og unnu þar 1-3 sigur á liði Víkinga. Ljóst var að um afar mikilvæga viðurreign var að ræða í toppbaráttu 1. deildar en með sigri hefðu Víkingar getað komið sér í 2. sæti deildarinnar og að sama skapi hefði Skagaliðið getað styrkt stöðu sína í 2. sætinu með sigri. Skagamenn náðu forystu í leiknum þegar um stundarfjórðungur var liðinn en þá skoraði Garðar Gunnlaugsson gott mark af markteig með hnitmiðuðu skoti í fjærhornið.

Í síðari hálfleik reyndu heimamenn að jafna metin en Skagavörnin var þétt fyrir en það var síðan á 80 mín leiksins sem Páll Gísli átti langa sendingu fram völlinn og við boltanum tók Hjörtur J. Hjartarson og afgreiddi hann örugglega framhjá markmanni heimamanna, 0-2. Skagaliðið fylgdi þessu eftir og bætti við þriðja markinu örfáum mínútum síðar og það skoraði Garðar Gunnlaugsson og þá sitt annað mark í leiknum. Garðar var þarna að skora sitt 13. mark í jafnmörgum leikjum í sumar. Víkingum tókst að minnka muninn undir lok leiksins með marki úr vítaspyrnu Þorsteins Más Ragnarssonar. Skagamenn léku svo við Þrótt 8. ágúst sl. og vannn ÍA leikinn 3-1. Á sama tíma tapaði Víkingur Ólafsvík fyrir Grindavík 0-2. Skaginn er eftir 15 umferðir í 2. sæti 1. deildar með 30 stig, 6 stigum á eftir Leikni en sætið, og þar með réttur til að leika í efstu deild næsta ár, er langt frá því öruggt því næst koma HK með 25 stig og KA og Þróttur með 24 stig.

Í fyrri leik Vesturlandsliðanna sem fram fór á Akranesi vann Víkingur Ólafsvík 3-2. ÍA hampar því heiðrinum að vera besta lið Vesturlands með eins marks betra markahlutfalli, þ.e. ef þessi titill stendur yfirhöfuð til boða. Víkingur hafði betur í viðureign liðanna sumarið 2013 þegar þau léku bæði í efstu deild karla.

Þorsteinn Már Ragnarsson skoraði mark Víkings Ólafsvík.

Garðar Gunnlaugsson skoraði tvö mörk fyrir ÍA.

Símamótið 2014:

Hressar stúlkur frá Borgarnesi, Ólafsvík og Akranesi meðal þátttakenda

Símamótið, sem er knattspyrnumót stúlkna í 5., 6. og 7. aldursflokki og fer fram á félagssvæði Breiðabliks í Kópavogi, fór fram í júlímánuði. Veðrið var ekki sem best en í byrjun þess, það hellirigndi sem gerði suma vellina líkari því að þar færi fram keppni í mýrarbolta en undir lokin rættist úr veðrinu. Stúlkur frá Skallagrími í Borgarnesi, Víkingi Ólafsvík og Íþróttabandalagi Akranes tóku þátt í mótinu og stóðu sig vel. Mótið var afar vel skipulagt og var Breiðabliki til mikils sóma.

Skallagrímsstúlkur með félagsfánann eftir skrúðgöngu á Kópavogsvöll.

Þessar þrjár stelpur af Vesturlandi og Vestfjörðum léku „landsleikinn" í 5. flokki. F.v.: Hafdís Höskuldsdóttir BÍ/Bolungarvík sem leik með pressuliðinu, Anna Þóra Hannesdóttir ÍA sem lék með landsliðinu og Þórunn Sara Arnardóttir Skallagrími sem lék með pressuliðinu. Landsliðið vann leikinn 3:2, fyrir fullri stúku áhorfenda en auðvitað skiptu úrslitin engu máli nema fyrir heiðurinn.

Að venju var skemmtikvöld og þar mætti þessar borgfirsku stúlkur galvaskar með þetta lýsandi höfuðskraut.

Skagastúlkur eftir leik á velli sem var líkari drulluflagi en knattspyrnuvelli, enda rigndi vel þennan dag. En það hafði engin áhrif á gleði stúlknanna.

FULLT HÚS AF HEILSUVÖRUM
HÁMARKS GÆÐI - ENGAR MÁLAMIÐLANIR

Hepaplus

Hugsaðu um lifrina, hún er eitt af mikilvægustu líffærum líkamans. Hepaplus ™ er samsetning af Artichoke þykkni (Cynara scolymus L.) staðlað við 5% cynarine, sem styður við eðlilega starfsemi lifrar og meltingarfæra. Formúlan hefur verið auðguð með L-omiþins aspartate og B vítamína B1, B2, B6, níasín og pantóþensýra, sem taka þátt í viðeigandi orkustarfsemi.

Kolagen Activ

Kolagen Activ Plus hjálpar húðinni að viðhalda stinnleika sínum og teygjanleika. Formúlan inniheldur einnig kalsíum, magnesíum og vítamín sem stuðla að því að viðhalda eðlilegum beinum. Kolagen Activ hjálpar við eðlilega kollagen myndun í beinum, brjóski og húð.

Cranberry Uro-complex

Fyrir þvagkerfi. Cranberry URO-Complex ® inniheldur mjög sterkt (100:1) Cranberry ávaxtaþykkni (Vaccinium macrocarpon) staðlað við 10% innihald af proanthocyanidin (PAC) og er að auki auðgað með plöntuþykkni. Stór kostur við þessa vöru er sú staðreynd að öll jurtaþykkni sem eru í vörunni eru stöðluð, það er, þeir hafa ákveðið magn af virka efninu sem tengist æskilegum lífeðlisfræðilegum áhrifum.

ALKAGEN

Komdu jafnvægi á pH gildi líkamans. ALKAGEN ™ er ætlað fyrir alla líkamlega virka einstaklinga sem vilja stytta bata sinn eftir líkamsþjálfun og minnka sýrustig líkamans af völdum ákafrar hreyfingar eða lífsstíls. ALKAGEN ™ er einnig ráðlagt fyrir fólk sem ofnotar súrar vörur eins og kaffi, svart te, álegg, kjöt, sælgæti og áfengi.

VAXTARVÖRUR.is VAXTARVÖRUR.is VAXTARVÖRUR.is

Prostatan

Prostatan Við vandamálum í blöðruhálskirtli. OLIMP PROSTATAN® er sérstök samsetning plöntuþykkna og sink „chelate" sem stuðla að réttri virkni blöðruhálskirtils. Bætiefnið er samsett úr náttúrulegum, lífrænt virkum þáttum eins og þykkni úr freyspálma (saw palmetto), graskersfræjum, netlu og lycopen.

Perfect skin

Perfect skin Hydro-Complex® er samsetning virkra næringarlegra þátta þ.m.t kollagen sem hjálpar að viðhalda ferskleika og mýkt húðar og hýalúrónsýru, sem tekur þátt í að viðhalda heilbrigðu útliti húðarinnar. Þetta fæðubótarefni inniheldur einnig vínberjafræ extract og grænt te extract, sem hjálpa við að vernda líkamann gegn sindurefnum. Auk þess er varan auðguð með vítamínum og steinefnum, svo sem sink og selen, sem hjálpa til að halda hári og nöglum í góðu ástandi.

beta-SOLAR

beta-SOLAR™ er alhliða formúla með hágæðaefnum. Þessi sérstaka blanda virkra efna – Pro Tan Blend – samverkar til að styðja brúnkuferli, hjálpar húðinni að dökkna hraðar og minnkar þar með þann tíma sem húðin verður fyrir skaðlegum geislum. Karótenóíð (Carotenoids) sem er í Pro Tan Blend virkar líka sem einstakur filter gegn skaðlegum UV geislum og takmarkar áhrif innrauðrar geislunar.

ALA 200

Alfa-lípoic sýra fyrir einstaklinga sem vilja styðja hjarta sitt, vernda augu, lifur og auka skilvirkni í orkuframleiðslu og vernda gegn skaðlegum áhrifum oxunar. Mælt með fyrir fólk sem annt er um almennt líkamlegt og andlegt ástand líkamans, reykingarfólki, öldruðum og líkamlega virkum eins og íþróttafólki.

Garlicin

Garlicin ® inniheldur mjög sterkt **lyktarlaust** hvítlauksþykkni inniheldur mikilvægasta næringhlutann af hvítlauk - allicin. Varan er fæðubótarefni sem hjálpar til við að halda hjarta, blóðrásar og ónæmiskerfi í góðu ástandi.

Ginseng

Fyrir orku og heilsu. GINSENG vita-complex® er bætiefni sem inniheldur blöndu sérvalinna líffræðilegra virkra ginseng efna (ginsenosides) með viðbættri blöndu 12 vítamína.

Vita-min

Vita-min plus® Konur er samsetning vítamína og auðnýtanlegra Albion ® steinefna sem hjálpa við að ná nauðsynlegu magni snefilefna, blandan er einnig styrkt með hýalúrónsýru, soja ísóflavón, ginseng, Dong Quai og horsetail.

VAXTARVÖRUR.is HÁMARKS GÆÐI - ENGAR MÁLAMIÐLANIR Olimp laboratories VAXTARVÖRUR.is

Er maginn vandamál?

Silicol gel er kísilsýra í örsvifi gegn maga- og ristilóþægindum

Rannsóknir hafa sýnt að ein matskeið af silicol gel þrisvar sinnum á dag kemur starfsemi maga og þarma í jafnvægi án allra aukaverkana.

Fæst í apótekum

KRAMPI Í FÓTUM?

Anti Leg Cramps er einstök blanda magnesíum og vítamína sem vinnur gegn næturkrampa í fótum

Fæst í apótekum

Ljósveitan

Kemur með háhraðanetið

Míla tengir heimili landsins við Ljósveituna. Við nýtum nútímatækni, fyrirliggjandi leiðslur og rými til að koma Ljósveitunni til heimila vítt og breitt um landið. Þannig á mikill fjöldi íslenskra heimila kost á háhraðatengingu á fljótlegan hátt í stað þess að þurfa að bíða í mörg ár eða áratugi eftir kostnaðarsömum framkvæmdum.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á mila.is

ENNEMM / SÍA / NM61107

Hafðu samband við eftirtalda aðila til að kaupa þjónustu um Ljósveituna:

Tölvustoð · vodafone · snerpa · Símafélagið · NETSAMSKIPTI · 365 · Fjölnet · Hringdu · Hringiðan · Síminn · TAL · TÖLVUN

míla
Lífæð samskipta